

„Mörkum stefnuna“

Iðnþing , 14. mars 2013.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.

(Ávarp),

Verið öll hjartanlega velkomin á Iðnþingi!

Íslenskur iðnaður gegnir lykilhlutverki við að bæta efnahag þjóðarinnar. Með fjölbreyttri verðmætasköpun, nýsköpun, útflutningi og gjaldeyrisöflun skapa fyrirtækin innan Samtaka iðnaðarins drifkraft íslensks efnahagslífs. Samtökin eru mikilvægur samstarfsvettvangur fyrirtækjanna, bæði innbyrðis og í samskiptum við ytra umhverfi. Starfið er gjöfult og árangursríkt á fjölmörgum sviðum.

Hlutverk Samtaka iðnaðarins er að sjá til þess að íslenskum fyrirtækjum séu tryggð samkeppnishæf rekstrarskilyrði í alþjóðlegum samanburði. Mikilvægt er að samtökin séu virk í mótun atvinnustefnu til langs tíma og gæti þess að jafnræði ríki með atvinnugreinum þjóðarinnar. Menntakerfið þarf að slá taktinn með atvinnulífinu betur en nú er og kveikja þarf áhuga ungs fólks á raunvísindum og tækni snemma í grunnskóla. Þessu beita samtökin sér fyrir.

Samtök iðnaðarins eru samstarfsvettvangur fyrirtækja í stöðugri leit þeirra að tækifærum til nýsköpunar. Þá er mikilvægt að sem víðast sé leitað fanga, jafnvel þvert á hefðbundnar atvinnugreinar. Við verðmætasköpun í samfélagi okkar þurfa hugvit, verkvit og siðvit að fara saman. Mikilvægt er að fyrirtækjum í alþjóðlegum vexti sé gert kleift að hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi. Einnig í því efni gegna Samtök iðnaðarins mikilvægu hlutverki sem samráðsvettvangur fyrirtækja og stjórnvalda.

Það er ekki hægt að hugsa sér starfsemi Samtaka iðnaðarins án lifandi umræðu, eldmóðs og ástríðu fyrir verkefnunum. Við hugsum ekki öll á sama hátt og hvert okkar hefur sínar eigin skoðanir sem við komum fram með og fylgjum eftir af festu og einurð.

Stór samtök án fjölbreyttra skoðana væru annað hvort ótrúverðug eða lífvana. En þegar máli skiptir að taka sameiginlega afstöðu, þá eru grundvallargildin skýr og sameiginleg afstaða til þeirra ekki daglegt umræðu- eða deiluefni. Þetta gerir okkur frábrugðin þeim sem í sífellu reyna að finna minnsta samnefnara til að ná fram samstöðu.

Samtök eins og okkar eru í raun jafnstærk og samvinna félagsmannanna er. Og rödd okkar heyrir best og við náum bestum árangri þegar við fellum sérhagsmuni okkar inn í heildarsamhengi efnahags- og samfélagslegrar heildar. Þetta á við um okkur öll, fyrirtækin innan SI, fulltrúa þeirra, undirsamtök SI og heilu atvinnugreinarnar. Það er ánægjulegt frá því að segja að síðastliðinn þriðjudag voru undirritaðir samningar um aðild Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Samtökin fagna þessum góða liðsauka en með breytingunni er lagður grunnur að enn sterkari samtökum sem gæta hagsmuna íslensks iðnaðar.

Þetta er sérlega mikilvægt nú þegar íslenskt atvinnulíf á í vök að verjast. Stjórnámálamenn og alþingismenn virðast því miður ekki skilja nægilega vel að öflugt atvinnulíf og arðbær fyrirtækjarekstur er undirstaða lífsgæða fólksins í landinu. Við sem störfum í íslenskum iðnaði upplifum að myndast hafi gjá milli atvinnulífsins og stjórnvalda. Stjórnámálamenn hafa á undanförunum árum orðið viðskila við íslenskan iðnað. Þörf er á nýrri sýn, eða a.m.k. á nýju sjónarhorni á annars þekkt mál.

Stjórnámálamennirnir móta skilyrði atvinnulífsins, en við þurfum siðbót innan stjórnómálanna og innan stjórnómálaflokkanna. Við megum engan tíma missa. Við þurfum að rjúfa kyrrstöðu, komast aftur af stað, upp úr gömlum förum og áfram.

Nú skal vikið að því viðskiptalega umhverfi sem iðnaðinum og almennu atvinnulífi er búið á Íslandi. Fyrst vil ég þó segja að ég tel það frumskyldu stjórnvalda í landinu að tryggja atvinnulífinu viðskipta- og samkeppnisþjóðir búa við. Vanræki stjórnvöld það hlutverk líður allt þjóðfélagið, það tapar í samkeppninni um fólk og fjármagn og líf skjör í landinu versna.

Í margumtalaðri skýrslu McKinsey um íslensk efnahagsmál, sem út kom í vetur, kom fram að framleiðni íslensks atvinnulífs er minni en hjá nágrannþjóðum. Hvað þýðir minni framleiðni? Það þýðir m.a. að við þurfum lengri vinnutíma til að búa til sömu verðmæti og aðrir gera á skemmri tíma. Þar með berum við annað hvort minna úr bítum eða höfum minni frítíma. Fyrir það líða börnin, fjölskyldan og við sjálf. Þetta getur líka þýtt að við séum latara fólk en aðrar þjóðir, en ég dreg það í efa. Líklegra þykir mér að við vinnum ekki réttu hlutina, setjum tímamann í verkefni sem okkur skortir hæfni til að vinna eða þar sem ytri aðstæður okkar eru lakari en hjá öðrum. Til að auka framleiðnina þurfum við því að skerpa fókusinn, hætta að sóa tíma fólks í vinnu sem gefur af sér lítinn arð. Vinna sem er þekkt fyrir að gefa af sér mikinn arð er á sviði tækni og verkmenningar. Yfirvöld menntamála verða að skilja þessa staðreynd. Leggja þarf aukna áherslu á raunvísinda-, tækni- og verkmenntun í landinu. Slík menntun er vissulega dýrari en hefðbundið bóknám, en hún skilar líka miklu meiri arði. Auk þess fullyrði ég af eigin reynslu að tæknistörf eru mjög gefandi, skapandi og í alla staði ánægjuleg. Einnig henta þau kvenfólki ljómandi vel.

Ísland er algerlega háð viðskiptum við nágrannalöndin, án þeirra viðskipta gengur ekkert í okkar þjóðfélagi. Í byrjun október 2008 horfði þjóðin fram á stöðvun þeirra viðskipta og kom þá margt í ljós sem menn virðast furðufljótir að gleyma. Til dæmis að landbúnaður á Íslandi getur ekki afhent þjóðinni neinar afurðir án utanríkisviðskipta, í utanríkisviðskiptum liggur margrætt matvælaöryggi, ekki í innflutningshöftum.

Staðreyndin er sú að Ísland getur ekki verið einangrað. Reynsla þjóðarinnar af einangrun er fátækt, hungur og dauði. Nú er það ekki svo að okkar tímar hvetji til einangrunar og enginn þröngvar henni upp á okkur nema við sjálf. Við eigum einmitt að nýta okkur það val sem við höfum, starfa með öðrum þjóðum að okkar og þeirra framgangi, nýta það sem aðrir þjóða og gera betur en við og þjóða þeim það sem við gerum best.

Undirstaða viðskipta okkar við aðrar þjóðir nú er EES samningurinn. Með honum fengum við Íslendingar áður óþekkt frelsi til athafna og losnuðum við höft sem við höfðum að mestu sjálf bundið okkur í. Niðurstaðan varð líka uppgangstímar sem áttu sér fá fordæmi í Íslandssögunni, nema e.t.v. fyrstu tvo áratugi 20. aldar. Íslendingar eru þjóð sem dafnar best við mikið athafnafrelsi, en auðvitað kennir reynslan okkur líka að frelsi án ábyrgðar gengur ekki upp. EES samningurinn er kominn á þrítugsaldurinn, ólíklegt er að hann fái að fylgja þróun tímans og líklega mun hann hætta að þjóna hlutverki sínu smám saman. Til dæmis er ekki vitað hvort EFTA þjóðir EES muni á nokkurn hátt njóta fríverslunarsamnings sem nú er í undirbúningi milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

Aðild Íslands að ESB er umdeilt mál með margar hliðar. Það er skiljanlegt að margir séu efins um að aðild sé rétta skrefið, atvinnuleysi er t.d. mikið í sunnanverðri Evrópu. Menn óttast að hagvöxtur verði hægur innan Evrópu samanborið við Asíu og N-Ameríku og svo óttast sumir að rekstur

evrunnar kalli á miklar breytingar, s.s. að reka björgunarsjóði og bræða saman ríkisfjármál evrulandanna.

Það er engu að síður staðföst skoðun mín að farsælast sé að halda viðræðum um aðild að Evrópusambandinu áfram og leiða þær til lykta. Að slíta viðræðunum nú er að mínu mati glapræði. Þar kemur fram viðleitni til að búa íslensku atvinnu- og þjóðlífi betri skilyrði og jafna samkeppnisstöðuna. Íslensk fyrirtæki eru í samkeppni við evrópsk fyrirtæki, bæði á markaði ESB og öðrum mörkuðum. En það er eins og við séum með aðra höndina bundna aftur fyrir bak, með gjaldeyrishöft, miklu hærra vaxtastig og gjaldmiðil sem hvergi er tekið mark á. Þetta bætist við þann vanda sem ekki verður ráðið við, sem er fjarlægð landsins frá helstu mörkuðum. Með þessu ástandi er öllu snúið á haus, við þyrftum einmitt að búa við betri samkeppnisskilyrði til þess að vega upp á móti fjarlægðinni.

Stjórn málaforingjar segja sumir að nú sé ekki rétti tíminn til að standa í þessum viðræðum. Við eigum að bíða í nokkur ár, getum hvort sem er ekki tekið upp evruna fyrr en eftir 10 ár í fyrsta lagi. Það er skrýtið hve stjórn málamenn eiga erfitt með að hugsa meira en 4 ár fram í tímann. 10 ár eru ekki langur tími í sögu þjóðar, við tjöldum til meira en einnar nætur.

Að lokum vil ég segja að samkeppnishæfni atvinnulífsins er forsenda allrar velferðar í landinu. Verðmætin sem atvinnulífið skapar standa undir velferðarkerfinu, heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Ekkert af þessu getur án hins verið. Sterk tenging við lýðæðisþjóðirnar austan hafs og vestan er nauðsynleg forsenda til velferðar atvinnulífsins. Verði viðræðunum slitið verður þetta allt sett í hættu.

Á þessu Iðnþingi er ætlunin að skoða tækifæri framtíðarinnar í víðu samhengi og greina þær ógnir sem ber að varast. Við höfum fengið þrjá erlenda sérfræðinga á ólíkum sviðum til að deila með okkur sýn sinni á þróun í nýtingu auðlinda og lýðfræði á norðurslóðum, tækni- og löggjöf á Vesturlöndum og fjármál og iðnþróun Evrópu.

Íslendingar munu verða fyrir ríkum áhrifum af þessum ytri kröftum, bæði til góðs og ills. Að sjálfsögðu er ekki unnt að spá fyrir um alla framvindu, en við getum þó með nokkurri vissu greint mikilvæga þætti í þeim breytingum sem framundan eru. Þannig getum við hæglega undirbúið okkur fyrir komandi tíma og haft jákvæð áhrif á okkar eigin örlög.

Samtök iðnaðarins vilja að mörkuð verði stefna sem hæfir framtíð okkar, hvort sem það varðar náttúruna, mannlífið eða efnahag landsins.

Með þessum orðum segi ég Iðnþing 2013 sett.